



Starfsáætlun SSNV 2018

Efnisyfirlit	
I. Inngangur	3
a) Fjárhagur	3
II. Verkefni stjórnar	3
a) Inngangur	3
b) Stjórn	3
c) Starfsmenn	4
d) Ársskýrsla - ársreikningur – endurskoðun	4
e) 25. ársþing	4
f) Haustþing	4
g) Fundir stjórnar	4
h) Aðrir fundir þar sem þátttöku SSNV er vænst	5
III. Verkefni SSNV	5
a) Inngangur	5
b) Almenningssamgöngur	6
c) Nýsköpunarsjóður Norðurlands vestra	6
d) Markaðs- og kynningarátak	6
IV. Verkefni Atvinnuþróunar	6
a) Inngangur	6
b) Verkefni Atvinnuþróunar	7
c) Iðnaðaruppbygging á Hafurstöðum	7
d) Samstarf við Farskóla Norðurlands vestra	7
e) Ferðamál	7
V. Verkefni sóknaráætlunar	8
a) Inngangur	8
b) Samráðsvettvangur	9
c) Skil á skýrslu til stýrihóps Stjórnarráðsins	9
d) Fundir með stýrihópi Stjórnarráðsins	9
VI. Verkefni Uppbyggingarsjóðs	9
a) Inngangur	9
b) Úthlutunarnefnd	10
c) Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar	10
d) Fagráð menningar	10
e) Áhersluverkefni	10
f) Könnun meðal styrkþega/umsækjenda	11

I. Inngangur

Tilgangur starfsáætlunar þessarar er að fjalla á einum stað um flest meginverkefni SSNV ásamt því að dagsetja svo sem kostur er þá viðburði sem SSNV stendur fyrir eða starfsmenn samtakanna taka þátt í.

a) Fjárhagur

Áætlun 2018 (samandregin)

Tekjur		Gjöld	
Árgjöld sveitarfélaga	23.749.326	Laun & launat gjöld	74.868.878
Jöfnunarsjóður	27.955.068	Sóknaráætl. atv.mál	20.000.000
Byggðastofnun v/atv	23.244.927	Sóknaráætl. menning	30.000.000
Rsj v/sóknaráætl &fl	91.707.766	Atv.&nýsk-sjóður	10.000.000
Sv.fél v/sóknaráætl	7.419.000	Áhersluverkefni	32.126.766
Rsj v/almenningsa	26.500.000	Markaðs/kynningarm	15.000.000
Aðrar tekjur	1.000.000	Almenningsang.	24.900.922
Vaxtatekjur	2.000.000	Markaðsstofa NI	3.727.208
		Annar rekstrarkostn	20.707.927
Samtals tekjur	203.576.087	Samtals gjöld	231.331.701

II. Verkefni stjórnar

a) Inngangur

Í samþykktum SSNV kemur fram að stjórn hafi yfirumsjón með rekstri, er málsvari samtakanna ásamt framkvæmdastjóra milli ársþinga og engu meiriháttar máli má ráða til lykta án atbeina hennar. Stjórn fundar þegar þurfa þykir, að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður og framkvæmdastjóri undirbúa fundi og senda fundargögn til stjórnar og varastjórnar og kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum landshlutans auk stjórnenda sveitarfélaga. Fundargerðir eru sendar til allra ofangreindra, til annarra landshlutasamtaka og alþingismanna kjördæmisins.

b) Stjórn

Stjórn SSNV er þannig skipuð frá hausti 2016 til hausts 2018.

- Stefán Vagn Stefánsson formaður
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir varaformaður
- Adolf H. Berndsen
- Sigríður Svavarsdóttir
- Valgarður Hilmarsson

c) Starfsmenn

Eftirtaldir eru starfsmenn SSNV:

- Björn Líndal Traustason framkvæmdastjóri
- Ingibergur Guðmundsson ráðgjafi og verkefnisstjóri Sóknaráætlunar
- Davíð Jóhannsson ráðgjafi á sviði ferðamála
- Katharina Ruppel bókari
- Magnús Bjarni Baldursson atvinnuráðgjafi
- Sólveig Olga Sigurðardóttir atvinnuráðgjafi (í leyfi)
- Sveinbjörg Rut Pétursdóttir atvinnuráðgjafi

d) Ársskýrsla - ársreikningur – endurskoðun

Vinna við ársskýrslu hefst í desember 2017 og stefnt er á að henni ljúki eigi síðar en 10. mars 2018.

Endurskoðunarnefnd komi saman í upphafi árs og leggi drög að skýrslu vegna vinnu endurskoðanda. Skýrslu endurskoðunarnefndar verði skilað fyrir febrúarlok.

Vinna við gerð ársreiknings hefjist í árslok 2017 og liggi endurskoðaður ársreikningur 2017 fyrir þann 1. mars.

e) 26. ársþing

Ársþing verði haldið föstudaginn 6. apríl í Austur-Húnavatnssýslu.

Stjórn skipar kjörnefnd fyrir 1. mars ár hvert. Fundarboð er sent út fjórum vikum fyrir ársþing (9. mars) en fundargögn tveimur vikum fyrir ársþing (23. mars).

Sveitarstjórnir tilkynni stjórn SSNV nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna fyrir 1. mars ár hvert. Kjörnefnd tilkynnir sveitarstjórnnum um framboðsfrest ef um kosningu til stjórnar eða varastjórnar er að ræða.

f) Haustþing

Haustþing verði haldið föstudaginn 19. október í Austur- Húnavatnssýslu. Á haustþinginu verða tekin fyrir ýmis sameiginleg málefni aðildarsveitarfélaganna.

Sveitarstjórnir tilkynni stjórn SSNV nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna fyrir 1. september ár hvert. Fundarboð er sent út fjórum vikum fyrir haustþing en fundargögn tveimur vikum fyrir haustþing.

g) Fundir stjórnar

Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og er fundadagatal svohljóðandi:

1. fundur verði þriðjudaginn 9. janúar
2. fundur verði þriðjudaginn 6. febrúar
3. fundur verði þriðjudaginn 6. mars
4. fundur verði föstudaginn 6. apríl
5. fundur verði þriðjudaginn 8. maí
6. fundur verði þriðjudaginn 5. júní
7. fundur verði þriðjudaginn 21. ágúst

8. fundur verði þriðjudaginn 4. september
9. fundur verði þriðjudaginn 2. október
10. fundur verði þriðjudaginn 6. nóvember
11. fundur verði þriðjudaginn 4. desember

h) Aðrir fundir þar sem þátttöku SSNV er vænst

Sameiginlegir fundir landshlutasamtaka:

- Vorfundur er yfirleitt haldinn daginn fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður og framkvæmdastjóri mæta á fundinn.
- Sumarfundur verður á Vesturlandi, hefur verið tveggja daga fundur í júní. Formaður og framkvæmdastjóri mæta á fundinn.
- Haustfundur er almennt haldinn daginn fyrir fyrri dag fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stjórn og framkvæmdastjóri mæta á fundinn.

Sameiginlegir fundir atvinnuþróunarfélaga:

- Vorfundur er haldinn af Byggðastofnun í tengslum við ársfund Byggðastofnunar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri og starfsmenn atvinnuþróunar mæti eins og við verður komið.
- Haustfundur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri og starfsmenn atvinnuþróunar mæti eins og við verður komið.

Aðrir fundir:

Gert ráð fyrir að formaður og/eða framkvæmdastjóri mæti á þessa fundi:

- Ársfundur Byggðastofnunar.
- Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.
- Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Aðrir viðburðir

- Ferð með Byggðastofnun til Kanada. Vor 2018

III. Verkefni SSNV

a) Inngangur

Verkefnum SSNV er skipt í þrjá meginhluta. Í fyrsta lagi verkefni Atvinnuþróunar, í öðru lagi verkefni Sóknaráætlunar og Uppbyggingarsjóðs og í þriðja lagi önnur verkefni SSNV. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með öllum verkefnum SSNV en sér alfarið um þau verkefni sem falla undir skilgreininguna „önnur verkefni SSNV“.

Í þessum kafla verður fjallað um þau verkefni sem hafa verið skilgreind sem önnur verkefni SSNV, þ.e. þau verkefni sem samtökunum eru falin á hverjum tíma og falla ekki undir Atvinnuþróun eða Sóknaráætlun.

b) **Almenningssamgöngur**

SSNV hefur samþykkt að vera aðili að hlutafélagi sem hafi með höndum rekstur leiðar 57. Aðrir aðilar að hlutafélaginu eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Samningur við Vegagerðina um almenningssamgöngur rennur út í árslok 2018 og því er mikilvægt fyrir landshlutasamtökin að undirbúa framhald verkefnisins, sé á annað borð vilji til þess. Landshlutasamtökin þurfa að skoða hvort rétt sé að gera ráð fyrir breytingum á leiðakerfi innan landshlutans en einnig að huga að leið 57, Reykjavík – Akureyri – Reykjavík.

c) **Nýsköpunarsjóður Norðurlands vestra**

Nýsköpunarsjóður var stofnaður með samningi við ANR haustið 2016. Samkvæmt samningnum á sjóðurinn að fá 10 millj. á ári í 3 ár, þó háð fjárveitingu fjárlaga. Auglýst verður eftir umsóknum um styrki í október 2017. Stefnt er að úthlutun í febrúar 2018. Reglur Uppbyggingarsjóðs gilda um úthlutun úr sjóðnum þar sem sérreglum um sjóðinn sleppir.

d) **Markaðs- og kynningarátak**

Starfsmaður var ráðinn til SSVN á vordögum 2016 til að sinna annarsvegar áhersluverkefni 2015 (aðstoð við markaðsmál) og hinsvegar markaðs- og kynningarátaki. Mikil uppsöfnuð þörf var fyrir fyrri þáttinn og hefur nær allur hans tími fram til þessa farið í áhersluverkefnið; að liðsinna litlum og meðalstórum fyrirtækjum í markaðsmálum auk námskeiðahalds um sama efni.

Undirbúningur markaðs- og kynningarátaks fór fram á fyrri hluta árs 2017 og er framkvæmd þess hafin. Má gera ráð fyrir að átakið geti allavega varað út árið 2018.

IV. Verkefni Atvinnuþróunar

a) **Inngangur**

SSNV tók yfir verkefni atvinnuráðgjafa á árinu 2005 með samkomulagi sveitarfélaganna og atvinnuþróunarfélaga í landshlutanum. Sveitarfélögin hafa lagt 20 milljónir árlega til verkefnisins og Byggðastofnun leggur til um 23 milljónir. Í samningi SSVN og Byggðastofnunar, dags. 5. apríl 2013, kemur fram að SSVN skal vinna að eftirtöldum verkefnum:

- Atvinnu- og byggðaðpróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Búsetuþættir
- Upplýsingaöflun
- Endurmenntun og samstarf

Skila skal skýrslu til Byggðastofnunar fyrir 1. apríl ár hvert um starfsemi Atvinnuþróunar.

Samningurinn við Byggðastofnun rennur út 31. 12. 2017 en stofnunin vinnur að gerð nýrra samninga. Þegar þetta er skrifað hafa samtökin ekki fengið samningsdrög en þau eru væntanleg á haustmánuðum. Stjórn mun fjalla um samningsdrögin þegar þau berast.

Framkvæmdastjóri stýrir starfsemi Atvinnuþróunar en starfsmenn verkefnisins eru:

- Davíð Jóhannsson
- Magnús Bjarni Baldursson
- Sólveig Olga Sigurðardóttir (í leyfi)
- Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

b) Verkefni Atvinnuþróunar

Miklum hluta þeirra fjármuna, sem þessi málaflokkur hefur til ráðstöfunar, hefur verið varið til ráðgjafar- og nýsköpunarverkefna.

Á árinu 2016 var gerð könnun meðal íbúa Norðurlands vestra um ýmsa þætti er varða búsetu og viðhorf íbúa til ýmissa þátta (áhersluverkefni 2016). Helstu niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í ársbyrjun 2017. Íbúakönnunin gaf góða mynd af mikilvægi ýmissa þátta og stöðu þeirra í hugum íbúa. Gert er ráð fyrir að könnun verði gerð á árinu 2018.

Varðandi endurmenntun og samstarf hafa verið í gangi verkefni í samvinnu við Farskólann varðandi ýmsa þætti menntunar frumkvöðla og fyrir stjórnendur minni fyrirtækja. Stefnt er að því að svo verði áfram.

c) Iðnaðaruppbygging á Hafurstöðum

Samningur SSNV og ANR um möguleika á iðnaðaruppbyggingu á Hafurstöðum var undirritaður þann 16. desember 2016. Fjárveiting til verkefnisins á fjárlögum 2016 er 30 millj. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði í tveimur áföngum, þ.e. verkfræðileg úttekt á svæðinu, á árinu 2017 (15 millj) og að á árinu 2018 verði gerð viðskiptaleg úttekt á því hvaða möguleika svæðið hefur í samkeppni við önnur svæði (15 millj.). Samið var við verkfræðistofuna Mannvit um verkfræðilega úttekt, að undangenginni verðkönnun, og mun lokaskýrsla liggja fyrir í sept/okt 2017. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um verkefnið að öðru leyti. Tekjur og gjöld vegna þessa verkefnis hafa ekki verið færð í fjárhagsáætlun vegna óvissu um fjárhæð hvors árs.

d) Samstarf við Farskóla Norðurlands vestra

SSNV hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Farskólann um ýmis námskeið t.d., tengd markaðsmálum. Nú er unnið að samstafi vegna námskeiðsins Beint fá býli. Miklir möguleikar geta falist í samstarfi við Farskólann og verður leitast við að greina þarfir atvinnulífsins, ekki síst lítilla fyrirtækja og frumkvöðla hvað fræðslu varðar.

e) Ferðamál

Ráðgjafi á sviði ferðamála starfar með greininni í heild undir hatti Fagráðs ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra samkvæmt samningi þess efnis milli SSNV og ferðamálafélaganna í landshlutanum. Samningur þessi rennur út í apríl 2018 en gert er ráð fyrir að verefninu verði framhaldið á árinu 2018.

Í fagráðinu eiga sæti fulltrúar ferðamálafélaganna á Norðurlandi vestra, einn frá hverju félagi og einn fulltrúi SSNV. Ráðgjafi á sviði ferðamála stýrir verkefnum fagráðsins.

Fundir Fagráðs ferðaþjónustunnar verða:

8. janúar	Sauðárkrókur
5. febrúar	Símafundur
5. mars	Hvammstangi
9. apríl	Símafundur
7. maí	Blönduós
4. júní	Símafundur
3. september	Hvammstangi
4. október	Símafundur
5. nóvember	Blönduós
3. desember	Símafundur

Fundir hefjast að jafnaði kl. 13:30

Viðburðir sem stefnt er á að halda:

16./17. maí - „Ferðamáladagur að vori“ - Fundur með kynningum þjónustuaðila af öllum svæðum og e.t.v. einni fagkynningu um mikilvægt málefni.

14/15. nóvember - „Ferðamáladagur að hausti“ – „Íkveikjukynningar“ og samtal um samstarfsverkefni þvert á svæðið

Viðburðir annars staðar þar sem fagráð kemur hugsanlega að sameiginlegri þátttöku svæðisins:

18. janúar - Mannamót í Reykjavík – hugsanlega sameiginleg aðkoma

2.- 4. október - Vestnorden á AKUREYRI – kynningarmöguleikar á svæðinu fyrir og eftir kaupstefnu.

V. Verkefni sóknaráætlunar

a) Inngangur

Sóknaráætlun Norðurlands vestra gildir fyrir árin 2015-2019. Markmið Sóknaráætlunar eru:

a) að ráðstafa þeim fjármunum sem varið er til verkefna á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála er byggja á sóknaráætlun landshlutans,

b) að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls.

Í fjárhagsáætlun SSVN fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir 99,1 millj. kr. tekjum vegna samningsins, 91,7 millj. frá ríkinu og 7,4 millj. kr. frá sveitarfélögunum. Inni í þeirri tölu er 10 millj. kr. framlag til Nýsköpunarsjóðs Norðurlands vestra þannig að raunverulega eru um 89,1 milljón til ráðstöfunar.

Útgjöldum verður skipt þannig að 50 milljónum verður varið til að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni, 32,1 milljónum verður varið í áhersluverkefni og 7 milljónum í rekstur Sóknaráætlunar.

Verkefnum Sónaráætlunar er skipt í þrennt:

a) gerð Sónaráætlunar landshlutans, sem lokið var við árið 2015

b) úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði

c) val á sérstökum áhersluverkefnum og framkvæmd þeirra

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á verkefnum Sónaráætlunar en verkefnisstjóri Sónaráætlunar er Ingibergur Guðmundsson.

b) Samráðsvettvangur

Samkvæmt samningi um sóknaráætlun skipa landshlutasamtökin samráðsvettvang með sem breiðustu aðkomu sveitarstjórna, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Samráðsvettvangurinn skal funda a.m.k. árlega og ræða framgang Sónaráætlunarinnar.

Samráðsvettvang þessa landshluta skipa 32 fulltrúar og eru þeir skipaðir af sveitarstjórnnum sveitarfélaganna sjö.

Gert er ráð fyrir a.m.k. einum fundi í Samráðsvettvangnum á árinu 2018.

c) Skil á skýrslu til stýrihóps Stjórnarráðsins

Samkvæmt samningi skal SSVN skila árlega greinargerð um framkvæmd samningsins til stýrihóps Stjórnarráðsins. Á árinu 2018 skal því skila greinargerð fyrir árið 2017 og skal það vera fyrir 1. febrúar 2018.

d) Fundir með stýrihópi Stjórnarráðsins

Fundir með stýrihópi Stjórnarráðsins um framgang sóknaráætlunarinnar hafa verið a.m.k. tveir á ári og er einnig gert ráð fyrir því á árinu 2018. Þessir fundir hafa ekki verið tímasettir.

VI. Verkefni Uppbyggingarsjóðs

a) Inngangur

Hlutverk Uppbyggingarsjóðs er að úthluta fjármunum í annarsvegar menningarmál og hinsvegar atvinnuþróun- og nýsköpun.

Menningarhlutinn skiptist í stofn- og rekstrarstyrki annarsvegar og verkefnastyrki hinsvegar. Í fjárhagsáætlun SSVN 2018 er gert ráð fyrir að úthluta 30 milljónum í menningarhluta Uppbyggingarsjóðs og að 20 milljónum verði varið til atvinnuþróunar og nýsköpunar. Umsóknarferlið mun hefjast í október 2017 og er gert ráð fyrir að tilkynna styrkþegum um úthlutun styrkja í byrjun febrúar 2018. Stefnt er að því að umsóknarferlið fyrir árið 2018 fari í fyrsta sinn fram í gegnum rafræna umsóknargátt sem verið er að hanna á vegum stýrihóps Stjórnarráðsins.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á verkefnum Uppbyggingarsjóðs en starfsmenn hans eru:

- Ingibergur Guðmundsson verkefnisstjóri
- Sveinbjörg Rut Pétursdóttir (að hluta)

b) Úthlutunarnefnd

Úthlutunarnefnd ber ábyrgð á úthlutunum úr sjóðnum og leggur fram niðurstöður sínar að fengnum tillögum fagráðs menningar og fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar. Úthlutunarnefnd annast einnig úthlutun úr Nýsköpunarsjóði Norðurlands vestra.

Úthlutunarnefnd var skipuð til tveggja ára á 24. ársþingi SSNV, 21. október 2016. Nefndina skipa:

- Lárus Ægir Guðmundsson formaður
 - Viggó Jónsson
 - Ingileif Oddsdóttir
- Einnig sitja í úthlutunarnefnd formenn fagráða:
- Leó Örn Þorleifsson
 - Jóhanna Magnúsdóttir

c) Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fagráðið var skipað til tveggja ára á 24. ársþingi SSNV, 21. október 2016. Fagráðið skipa:

- Leó Örn Þorleifsson formaður
- Elín Aradóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Gunnsteinn Björnsson
- Hólmsfríður Sveinsdóttir

d) Fagráð menningar

Fagráðið var skipað til tveggja ára á 24. ársþingi SSNV, 21. október 2016. Fagráðið skipa:

- Jóhanna Magnúsdóttir formaður
- Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson
- Guðmundur Haukur Sigurðsson
- Magnús B. Jónsson
- Sigríður Svavarsdóttir

e) Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru sérstök verkefni sem fjármögnuð eru af Sóknaráætlun. Verkefni ársins 2017 voru:

- Svæðisskipulag á Norðurlandi vestra.
- Samgönguáætlun Norðurlands vestra.
- Stuðningur við styrkþega Uppbyggingarsjóðs og Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs.
- Heildstæð samantekt á heilbrigðisþjónustu í landshlutanum og samanburður við sambærilegan landshluta.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið ákvað í byrjun sumars að leggja aukna fjármuni til Sóknaráætlunar og í kjölfarið samþykkti stjórn SSNV að falla frá verkefninu um svæðisskipulag á Norðurlandi vestra. Ný verkefni eru:

- Könnun á möguleikum á smávirkjunum á Norðurlandi vestra
- Beint frá býli – stuðningur
- Kortlagning hverasvæða

Vinna er hafin við þau verkefni sem ákveðið var að ráðast í á fyrri helmingi ársins en byrjað verður á þremur síðustu verkefnum á haustmánuðum 2017.

Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Norðurlands vestra kom saman til fundar þann 27. september 2017. Tilgangur fundarins var m.a. að draga fram hugmyndir að nýjum áhersluverkefnum. Starfsmenn vinna nú með þær hugmyndir sem komu fram á fundinum og er stefnt að því að ákveða áhersluverkefni ársins 2018 fyrir desemberlok 2017.

f) Könnun meðal styrkþega/umsækjenda

Könnun meðal umsækjenda um styrki úr sjóðum var send út um miðjan desember 2016 og lágu niðurstöður fyrir í janúar 2017. Könnuninni var ætlað að gefa vísbendingar um umsóknarferlið. Sambærileg könnun meðal styrkþega var gerð í maí 2017 og var markmiðið þar að fá vísbendingar um eftirfylgni og þjónustu starfsmanna við styrkþega. Niðurstöður beggja kannananna voru yfirleitt mjög jákvæðar.

Ákveðið hefur verið að sambærilegar kannanir verði gerðar vegna styrkveitinga ársins 2018.